

**Úrskurður**  
**úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála**  
**í máli nr. 7/2012**  
**Íslandspóstur hf.**  
**gegn**  
**Póst- og fjarskiptastofnun**

**I. Hin kærða ákvörðun og kröfur málsaðila**

Þann 4. desember 2012 barst úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála kæra Íslandspósts hf. (Íslandspóstur), dags. sama dag, vegna ákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 34/2012, um ágreining í kjölfar ógildingar á skilmála í gjaldskrá Íslandspósts, frá 7. nóvember 2012.

Í hinni kærðu ákvörðun var kröfu Íslandspósts um að PFS vísaði frá erindi Póstmarkaðarins ehf. (Póstmarkaðurinn) hafnað og kveðið á um að á tímabilinu 13. apríl 2011 til og með 30. maí 2011 hafi Íslandspósti borið að viðhafa sama afhendingartíma fyrir póst frá stórnotendum og í gildi var fyrir almennan póst og á grundvelli sömu afsláttarkjara og gilt höfðu fram til þessa í viðskiptum við Póstmarkaðinn.

Kærandi krefst þess aðallega að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og erindi Póstmarkaðarins verði vísað frá PFS en til vara að kröfum Póstmarkaðarins verði hafnað. Þá krefst kærandi þess að allur kostnaður vegna málsins verði felldur á Póstmarkaðinn.

PFS krefst þess að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

**II. Helstu málsatvik**

Mál þetta má rekja til ákvörðunar PFS nr. 36/2010, dags. 10. nóvember 2010 sem felld var úr gildi með úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 10/2010, dags. 13. apríl 2011. Í ákvörðun PFS voru ekki gerðar athugasemdir við breytingar á viðskiptaskilmálum Íslandspósts um fyrirkomulag dreifingar á pósti. Úrskurðarnefnd felldi ákvörðunina úr gildi á þeim grundvelli að ekki hafi legið fyrir það kostnaðarhagræði sem hlytist af breytingu á viðskiptaskilmálunum. Íslandspósti væri

Því ekki heimilt að hafa lengri dreifingartíma á pósti frá stórnotendum en gildi um almennan póst.

Í kjölfar úrskurðar nr. 10/2010 sendi Íslandspóstur annað erindi til PFS og lauk meðferð þess með ákvörðun nr. 16/2011, dags. 30. maí 2011, um viðskiptaskilmála Íslandspósts og var hún staðfest af úrskurðarnefnd með úrskurði nr. 2/2011 dags. 10. október 2011. Í úrskurðinum var kostnaðarhagræði Íslandspósts af breytingum á viðskiptaskilmálum staðfest svo og heimild fyrirtækisins til þess að bera út póst þeirra sem nytu afsláttarkjara sem stórnotendur á lengra tímabili en gildi um almennan póst.

Póstmarkaðurinn taldi að Íslandspóstur hefði ekki farið eftir gjaldskrá sem gildi um viðskipti þeirra frá 13. apríl til 30. maí 2011 og verið óheimilt að skilyrða afslátt til Póstmarkaðarins við dreifingu pósts á lengri tíma. Því máli lauk með ákvörðun PFS nr. 34/2012 sem er hin kærða ákvörðun í máli þessu.

Í máli þessu er því deilt um hvort að Íslandspósti hafi á tímabilinu 13. apríl til 30. maí 2011, þ.e. frá því að fyrri ákvörðun PFS var felld úr gildi þar til ný ákvörðun var tekin um breytingu á skilmálum, verið heimilt að meðhöndla póst frá stórnotendum með öðrum hætti en almennan póst að því er afhendingartíma varðaði sem og eftir hvaða gjaldskrá Íslandspóstur hefði átt að fara í lögskiptum sínum við póstrekendur.

### **III. Helstu málsástæður kæranda**

Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og erindi Póstmarkaðarins verði vísað frá PFS en ella að kröfum Póstmarkaðarins verði hafnað. Þá er þess krafist að allur málskostnaður verði felldur á Póstmarkaðinn.

Kærandi rekur stuttlega málavexti en hann hafi þann 8. september 2010 kynnt breytingu á skilmálum fyrir póstþjónustu þess efnis að dreifing á pósti frá stórnotendum skyldi fara fram á 1.-5. degi eftir móttöku. Hafi það verið í samræmi við samninga sem gerðir höfðu verið við stórnotendur. PFS hafi staðfest umrædda skilmálabreytingu með ákvörðun nr. 36/2010 en úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála hafi felld hana úr gildi. Ný ákvörðun hafi síðan verið tekin af PFS þann 30. maí 2011 þar sem skilmálabreytingin var staðfest.

Póstmarkaðurinn hafi, með bréfi þann 31. maí 2011 til PFS, krafist þess að stofnunin mælti fyrir um skyldu kæranda til þess að meðhöndla póst frá Póstmarkaðinum eins og um almennan póst væri að ræða á tímabilinu frá 13. apríl til 30. maí 2011. Taldi Póstmarkaðurinn að eftir úrskurð úrskurðarnefndar væru engir skilmálar í gildi sem kvæðu á um lengri afhendingartíma slíks afsláttarpósts en afslættir væru engu að síður

óbreyttir. Var í því sambandi vísað til þess að fyrri skilmálar hefðu þá tekið gildi á ný, þar sem slíks dreifingarfyrirkomulags væri ekki getið.

### ***Krafa um frávísun***

Kærandi bendir á 9. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskipastöfnun, um heimild póstrekkenda til þess að beina deilum um skyldur sem leiði af lögum um pósthjónustu til PFS. Póstmarkaðurinn hafi krafist kæranda með bréfi, dags. 15. júní 2011, um endurgreiðslu ofgreiddra gjalda vegna tímabilsins 13. apríl til 30. maí 2011 á þeim grundvelli að Póstmarkaðurinn hafi ekki fengið „samningsbundinn afslátt stórnotenda“ og að gjaldtaka hafi verið umfram samningsbundna verðskrá. Kærandi telur Póstmarkaðinn ekki hafa aðra lögvarða hagsmuni af álitaefninu en að krefjast umræddrar endurgreiðslu. Kærandi telur að það sé ekki hlutverk PFS samkvæmt 9. gr. laga nr. 69/2003 að gefa álit á lögspurningu varðandi innheimtumál. Lög og lögskýringargögn styðji ekki svo víðtækt ákvörðunarvald eða afskipti stofnunarinnar.

### ***Krafa um að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi***

Til vara krefst kærandi þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Kæranda verði á umræddu tímabili ekki samhliða gert að veita fullan stórnotendaafslátt og að bjóða dreifingarfyrirkomulag eins og fyrir almennan póst.

### ***Réttarstaða aðila ræðst af samningi milli aðila***

Kærandi bendir á að með samningi við Póstmarkaðinn, dags. 24. febrúar 2010, hafi verið kveðið á um að sendingum sem nyttu fyllsta afsláttar mætti dreifa á allt að 5 dögum eftir póstlagningu. Með ákvörðun PFS nr. 36/2010 hafi verið fallist á að samningsákvæðið sem lotið hafi að öllum stórnotendum yrði hluti af almennum viðskiptaskilmálum. Kærandi telur að ekki verði séð að úrskurðarnefnd hafi í úrskurði nr. 10/2010 tekið afstöðu til þess hvernig færi með samninga sem gerðir hefðu verið eða hvernig réttarstaða aðila væri að þessu leyti. Samningsbundnar heimildir kæranda um lengri dreifingartíma á pósti stórnotenda hafi því verið til staðar óháð úrskurði úrskurðarnefndar. Í hinni kærðu ákvörðun sé afdráttarlaust kveðið á um gjaldfærslu á umræddu tímabili. Ekki verði að mati kæranda séð að PFS sé að lögum fært annað en að lýsa álit á gildandi gjaldskrá, en geti ekki tekið slíka afdráttarlausu afstöðu til réttarstöðu aðila sérstaklega.

### ***Kostnaðarhagræði 5. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu***

Fallist úrskurðarnefnd ekki á að réttarstaða aðila ráðist af samningi þeirra hafnar kærandi því að honum sé skylt að veita Póstmarkaðnum stórnotendaafslátt án tillits til kostnaðarhagræðis enda sé það að mati kæranda í andstöðu við 5. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu nr. 19/2002.

Kærandi bendir á að á umþrættu tímabili hafi verið í gildi tvær afsláttargjaldskrár, annars vegar magngjaldskrá þar sem afslættir tóku mið af afhentu magni í hvert sinn með dreifingu eins og um almennan póst væri að ræða og hins vegar stórnotendaafslátt sem miðaðist við afhent magn á ársgrundvelli og dreifingu á allt að fimm dögum, sbr. samningsákvæði í samningum við stórnotendur.

Magngjaldskrá kæranda hafi verið byggð á ákvæði 16. gr. póstlaga. Stórnotendaafsláttur hafi til viðbótar verið byggður á því hagræði sem kærandi taldi vera á sérstökum dreifingarskilmálum og settir höfðu verið í samninga við stórnotendur. Hvað þá skilmála varði hafi komið fram í úrskurði úrskurðarnefndar nr. 10/2010, að á meðan ekki lægi fyrir það kostnaðarhagræði sem hlytist af fimm daga dreifingu væri Íslandspósti ekki heimilt að hafa lengri dreifingartíma á pósti frá stórnotendum en gilti um almennan póst. Að mati kæranda verði að skilja það svo að stórnotendur gætu eingöngu notið afsláttar miðað við afhent magn hverju sinni samkvæmt magngjaldskrá sem hafi gert ráð fyrir sama afhendingartíma og gilti um almennan póst, en ekki hafi verið heimilt að veita afslátt sem hafi einnig tekið mið af lengri dreifingartíma. Þar af leiðandi telur kærandi að ályktun PFS um að honum hafi á umþrættu tímabili verið skylt að viðhafa sama afhendingartíma og fyrir almennan póst og jafnframt veita stórnotendaafslátt fái ekki staðist.

Kærandi telur að líta verði svo á, í samræmi við ummæli úrskurðarnefndarinnar, að óheimilt sé að veita slíkan afslátt ef hagræðið liggja ekki fyrir, þ.e. að stórnotendaafsláttur hafi því fallið niður sem slíkur en við hafi tekið afsláttur til stórnotenda sem hafi byggt á magngjaldskrá. Hin kærða ákvörðun byggja í reynd á röngum skilningi á umræddum úrskurði úrskurðarnefndarinnar. Kærandi lýsir jafnframt þeirri skoðun sinni að framangreindur skilningur sé í samræmi við sjónarmið samkeppnisréttar um að markaðsráðandi aðila sé óheimilt að veita afslátt sem ekki eigi sér kostnaðarlegar forsendur, gagnstætt því að skylt sé að veita slíkan afslátt óháð kostnaðarhagræði, svo sem leiði af hinni kærðu ákvörðun.

#### **IV. Helstu málsástæður PFS**

PFS krefst þess að hin kærða ákvörðun verði staðfest og vísar til hinnar kærðu ákvörðunar hvað varðar málsatvik.

#### ***Krafa um frávísun***

PFS telur skyldu kæranda til að birta gjaldskrá og skilmála vera ótvíræða, sbr. 1. mgr. 16. gr. laga um póstpjónustu. Mál þetta varði túlkun og afleiðingar þess að tiltekinn skilmáli hafi verið felldur úr gildi með úrskurði úrskurðarnefndar nr. 10/2010. Réttaráhrif þess falli undir gildissvið laga um póstpjónustu en PFS fari með eftirlitsvald um framkvæmd þeirra laga. PFS telur kröfu Póstmarkaðarins falla undir 9. gr. laga um Póst- og

fjarskiptastofnun enda sé um að ræða ágreining milli póstrekenda um skilning og túlkun á gjaldskrá og skilmálum Íslandspósts. Því telur PFS að hafna beri frávísunarkröfu kæranda og vísar þar til nokkurra ákvarðana PFS og úrskurðarnefndar.

### ***Krafa um að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi. Samningar aðila***

PFS vísar til niðurstöðu úrskurðarnefndar í máli nr. 10/2010. Samkvæmt henni hafi kæranda ekki verið heimilt að hafa mismunandi dreifingartíma á þeim sendingum sem féllu undir stórnotendaafslátt annars vegar og þeim sendingum sem féllu undir almenna magngjaldskrá hins vegar. Gildi þá einu þótt kærandi hafi samið við stórnotendur um að hann áskildi sér rétt til að dreifa sendingum á allt að fimm dögum, enda hafi sú staðreynd legið fyrir þegar úrskurður 10/2010 hafi verið kveðinn upp. Hafi kostnaðarlegt hagræði ekki legið fyrir, eins úrskurðarnefnd hafi álitid, hafi það átt við um útburð á pósti frá stórnotendum almennt, hvort sem einhverjir samningar væru til staðar eður ei. Niðurstaða úrskurðarnefndar hafi ekki falið í sér annað en að póstur frá stórnotendum skyldi borinn út á sama hraða og eigi við um almennan póst, óháð veittum afsláttarkjörum, enda hefði úrskurðarnefnd þá þurft að fjalla sérstaklega um áhrif ógildingarinnar á gildandi afsláttarkjör.

### **V. Afstaða Póstmarkaðarins ehf.**

Athugasemdir Póstmarkaðarins við kæru Íslandspósts og fylgiskjal með yfirliti yfir magnafslætti stórnotenda bárust úrskurðarnefndinni þann 8. janúar sl. Í athugasemdunum kemur fram að meðfylgjandi gjaldskrá Íslandspósts sé frá því í janúar 2011. Jafnframt kemur fram að þrátt fyrir úrskurð úrskurðarnefndar nr. 10/2010 frá 13. apríl 2011 hafi Íslandspóstur haldið áfram að dreifa magnpósti frá stórnotendum á lengri tíma en öðrum pósti. Póstmarkaðurinn hafi þá krafist þess að tiltekinn hluti pósts yrði meðhöndlaður eins og annar póstur og verið gert að greiða fullt gjald fyrir þann póst. Fyrirtækið hafi því ekki notið afsláttar samkvæmt samningi sem stórnotandi.

Einnig segir í athugasemdum Póstmarkaðarins að engir sérskilmálar um dreifingartíma hafi verið í fyrri skilmálum eða gjaldskrá fyrir stórnotendur. Gjaldskrá fyrir stórnotendur hafi þvert á móti verið tengd með beinum hætti við umfang viðskipta á ársgrundvelli. Þannig hafi réttur til afsláttar umfram hefðbundinn magnpóst stofnast fyrst þegar umfang viðskipta náði 500.000 stykkjum á ári og aukist síðan í nokkrum þrepum þar til umfang viðskipta náði 10 milljónum stykkja. Póstmarkaðurinn ítrekar að samkvæmt hinni kærðu ákvörðun hefði kæranda verið skylt að viðhafa sama dreifingartíma og gildi um almennan póst og að stórnotendur hafi á umræddu tímabili átt kröfu til afsláttar samkvæmt þeirri gjaldskrá sem um þau viðskipti giltu enda hafi þau afsláttarkjör ekki verið felld úr gildi með úrskurði úrskurðarnefndar frá 13. apríl 2011.

Póstmarkaðurinn telur engan grundvöll vera til að vísa málinu frá. Unnt sé að beina ágreiningi um skyldur sem leiði af lögum um fjarskipti eða lögum um pósthjónustu til PFS, sbr. 9. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun. Beri PFS að leita sátta og skera úr ágreiningi ef sættir takist ekki. Ágreiningur aðila lúti að skyldum kæranda samkvæmt lögum um pósthjónustu og reglum um alþjónustu á tilgreindu tímabili, þ.e. hvort að kæranda hafi borið að dreifa pósti frá stórnotendum á einum til þremur dögum eins og almennum pósti.

Póstmarkaðurinn telur að enda þótt kvörtun hans lúti að álitaefnum um reikningsfærslu og mögulega endurkröfu pósthurðargjalds þá geti það ekki leitt til frávísunar.

Póstmarkaðurinn telur að allt þar til nýir skilmálar um dreifingu á pósti frá stórnotendum voru samþykktir af PFS 30. maí 2011 hafi gilt sömu skilmálar um dreifingu fyrir pósth frá stórnotendum og aðra notendur. Engir sérskilmálar um dreifingartíma pósts frá stórnotendum hafi verið sendir PFS fyrr en með erindi kæranda 8. september 2010. Að mati Póstmarkaðarins hafi tilvísun kæranda til ákvæðis í samningum við stórnotendur enga þýðingu. Um skilmála og gjaldskrá kæranda fari samkvæmt lögum nr. 19/2002. PFS og úrskurðarnefnd geti einungis lagt til grundvallar þá skilmála og gjaldskrá innan einkaréttar sem hafi verið sendir PFS í samræmi við ákvæði umræddra laga.

Póstmarkaðurinn leggur að lokum áherslu á að af niðurstöðu úrskurðarnefndar frá 13. apríl 2011 leiði, að frá og með 13. apríl til 30. maí 2011, er nýtt dreifingarkerfi hafi verið samþykkt, hafi almennir skilmálar gilt um dreifingu pósts frá stórnotendum. Úrskurðurinn hafi hins vegar ekki haft nein áhrif á gjaldskrá fyrir stórnotendur enda hafi hún ekki verið til umfjöllunar í úrskurðinum. Um viðskipti Póstmarkaðarins hafi því gilt ákvæði þeirrar gjaldskrár.

## **VI. Niðurstöður**

### **1.**

Í máli þessu er deilt um hvaða viðskiptaskilmálar hafi gilt hjá Íslandspósti um dreifingu pósts frá stórnotendum á tímabilinu 13. apríl, þegar ákvörðun PFS um að samþykkja dreifingu á allt að fimm dögum á pósti frá stórnotendum var felld úr gildi, til 30. maí 2011, þegar slíkir skilmálar voru samþykktir af PFS.

Kærandi telur að úrskurður nr. 10/2010 verði ekki túlkaður með öðrum hætti en að á umþrættu tímabili hafi magnskilmálar gilt. Stórnotendur hefðu því aðeins getað notið afsláttar miðað við afhent magn hverju sinni ef afhendingartími átti að vera sá sami og

gilti um almennan póst. Þeir gætu ekki jafnframt notið afsláttar sem tæki mið af lengri afhendingartíma.

PFS telur að á tímabilinu hafi stórnotendur átt að njóta stórnotendaafsláttar og dreifingartíma almenns pósts.

Póstmarkaðurinn telur að úrskurður úrskurðarnefndar nr. 10/2010 verði ekki skilinn á annan hátt en að kæranda hafi ekki verið heimilt að hafa lengri dreifingartíma á pósti frá stórnotendum en gilti um almennan póst.

## 2.

### Krafa um frávísun

Kærandi krefst þess aðallega að máli þessu verði vísað frá. Póstmarkaðurinn hafi krafið kæranda um greiðslu meintra ofgreiddra gjalda en hafi annars ekki lögvarða hagsmuni af álítaefninu. Ákvæði 9. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, sem kveði á um afskipti PFS af ágreiningi varðandi skyldur póstrekkenda við framkvæmd póstmála taki að mati kæranda ekki til ágreinings eða álítaefna varðandi reikningsfærslu milli aðila. Hlutverk PFS sé ekki að gefa álit á lögspurningum varðandi innheimtumál.

PFS telur mál þetta varða túlkun og afleiðingar þess að skilmáli kæranda hafi verið felldur úr gildi. Réttarsvið þess falli undir gildissvið laga nr. 19/2002 um póstpjónustu en í þeim lögum komi m.a. fram sú skylda kæranda að birta gjaldskrá og skilmála, sbr. 1. mgr. 16. gr. laganna. PFS telur mál þetta varða ágreining á milli póstrekkenda um skilning og túlkun á gjaldskrá og skilmálum kæranda, sbr. 9. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun.

Í 9. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003 er kveðið á um lausn deilumála póstrekkenda. Þar kemur m.a. fram að komi upp deilur milli póstrekkenda um skyldur sem leiða af lögum um póstpjónustu geti deiluaðili beint málinu til PFS. Náist ekki samkomulag skuli skorið úr ágreiningi með ákvörðun. Póstrekkandi er aðili sem veitir hvers kyns póstpjónustu, sbr. orðskýringar í 4. gr. laga um póstpjónustu nr. 19/2002. Í 16. gr. laganna er fjallað um viðskiptaskilmála og gjaldskrá og kemur þar m.a. fram að póstrekkendur skuli birta opinberlega almenna viðskiptaskilmála sem um þjónustu þeirra gilda.

Óumdeilt er í máli þessu að kærandi og Póstmarkaðurinn eru póstrekkendur. Kærumálið ber vott um að á tímabilinu 13. apríl til 30. maí 2011 hafi ekki verið ljóst hvaða skilmálar og gjaldskrá giltu um sendingar stórnotenda. PFS kvað á um lausn ágreiningsins með hinni kærðu ákvörðun.

Í ljósi framangreinds telur úrskurðarnefnd að mál þetta falli undir 9. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun og fellst því ekki á frávísunarkröfu kæranda.

### 3.

#### **Krafan um að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi**

Í hinni kærðu ákvörðun vísar PFS til úrskurðar úrskurðarnefndar nr. 10/2010 frá 13. apríl 2011 og telur að frá þeim degi til 30. maí s.á. hafi kæranda, á grundvelli þeirra skilmála sem í gildi voru, verið óheimilt að dreifa pósti frá stórnotendum á lengri tíma en gildi um almennan póst. Jafnframt var kveðið á um að leggja skyldi samningsbundin afsláttarkjör stórnotenda til grundvallar við uppgjör aðila.

Kærandi telur að breytingar sem kynntar voru 8. september 2010 á skilmálum fyrir póstpjónustu og felldar úr gildi af úrskurðarnefnd, hafi verið í samræmi við gildandi samninga við póstrekendur. Úrskurðarnefnd hafi í úrskurði sínum ekki tekið afstöðu til umræddra samninga. Því hafi samningsbundnar heimildir kæranda verið fyrir hendi til að áskilja sér rétt til lengri dreifingar póstis sem nyti stórnotendaafsláttar. Þá telur kærandi að PFS hafi ekki haft lagaheimildir til að kveða á um gjaldfærslu eins og gert sé í hinni kærðu ákvörðun, heldur aðeins til að lýsa álitum á gildandi gjaldskrá. Fallist úrskurðarnefnd ekki á að réttarstaða aðila ráðist af umræddum samningi hafnar kærandi því að honum verði gert skylt að veita stórnotendaafslátt án tillits til kostnaðarhagræðis og bjóða dreifingarfyrirkomulag eins og fyrir almennan póst.

PFS telur að orðalag úrskurðar nr. 10/2010 verði ekki skilið á annan hátt en svo að kæranda hafi ekki verið heimilt, á því tímabili sem um ræði, að hafa mismunandi dreifingartíma á sendingum sem féllu undir stórnotendaafslátt annars vegar og sendingum sem féllu undir magngjaldskrá hins vegar. Samningar kæranda við stórnotendur um að áskilja sér rétt til að dreifa sendingum á allt að fimm dögum breyti þar engu enda hafi sú staðreynd legið fyrir við uppkvaðningu úrskurðarins. Niðurstaða úrskurðarnefndar hafi ekki falið í sér annað en það að póstur frá stórnotendum skyldi borinn út á sama hraða og við eigi um almennan póst, óháð veittum afsláttarkjörum. Því skyldi uppgjör aðila á umþrættu tímabili fara eftir gjaldskrá fyrir stórnotendur. Afsláttur skyldi því vera allt að 41%.

Í málinu liggur fyrir að fyrir umrædda skilmálabreytingu hafi pósti frá stórnotendum að jafnaði verið dreift á 2. eða 3. degi frá móttöku, eins og öðrum almennum pósti, enda þótt ákvæði hafi verið í samningi milli kæranda og póstrekinda um að sendingum mætti dreifa á allt að fimm dögum eftir póstlagningu. Þetta mun aðeins hafa verið gert í undantekningartilvikum ef sérstakar aðstæður voru fyrir hendi. Eins og áður hefur komið fram lítur kærandi svo á að réttarstaða aðila í málinu ráðist af samningi þeirra að þessu leyti.



Í úrskurði úrskurðarnefndar nr. 10/2011, kemur fram að kæranda var ekki heimilt að hafa lengri dreifingartíma á pósti frá stórnotendum en gildi um almennan póst á meðan ekki lægi fyrir það kostnaðarhagræði sem hlytist af slíkri framkvæmd. Þessi niðurstaða úrskurðarnefndar byggir á ákvæði 5. mgr. 16. gr. laga um póstpjónustu nr. 19/2002 þar sem kveðið er á um að sérgjaldskrá á grundvelli ákvæðisins skuli taka mið af kostnaði sem ekki hefur þurft að leggja út í við venjulega póstpjónustu. Slík gjaldskrá tekur samkvæmt ákvæðinu til þeirra sem afhenda mikið magn póstsendinga í einu eða fyrirtækja sem safna saman póstsendingum mismunandi viðskiptavina og afhenda rekstrarleyfishafa.

Í 1. mgr. 16. gr. laga póstpjónustu er skýrlega kveðið á um skyldu póstrekenda til þess að birta opinberlega almenna viðskiptaskilmála sem um þjónustu þeirra gilda. Nýir og breyttir skilmálar skulu sendir Póst- og fjarskiptastofnun fyrir gildistöku þeirra og getur stofnunin krafist breytinga á skilmálum ef þeir brjóta gegn lögum og reglugerðum. Samkvæmt úrskurði úrskurðarnefndar nr. 10/2010 frá 13. apríl 2011 var breyting á skilmálum kæranda um allt að fimm daga dreifingu á pósti frá stórnotendum felld úr gildi á þeim grundvelli að ekki væru uppfyllt skilyrði 6. mgr. sömu greinar um kostnaðarhagræði. Ekki liggur fyrir að viðskiptasamningur uppfylli þetta skilyrði laganna. Úrskurðarnefnd fellst því ekki á að áskilnaður um lengri dreifingartíma pósts verði byggður á þeim grundvelli.

Ekki er ágreiningur í málinu um að ákveðin afsláttarkjör voru fyrir hendi vegna magnsendinga fyrir stórnotendur áður en kærandi lagði skilmálabreytingu um lengri dreifingartíma fyrir PFS. Afsláttarkjörum kæranda er m.a. lýst í ákvörðun PFS nr. 36/2010. Almenn afsláttarkjör fyrir póst sem flokkast sem A-póstur, þ.e. almennur póstur, var frá 5% og upp í 30% fyrir vélflokkanleg bréf og frá 2,5% til 25% fyrir handflokkanleg bréf. Afsláttarkjör fóru einkum eftir fjölda þeirra bréfa sem póstlögð voru í hvert skipti. Til viðbótar við þessi afsláttarkjör var í gildi hjá kæranda verðskrá fyrir stórnotendur. Gilti hún ef póstlagt magn á ársgrundvelli var 500.000 stk. eða fleiri en var háð því skilyrði að skriflegir samningar um umframafslátt væri gerður fyrirfram. Afsláttur fyrir stórnotendur gat því farið upp í allt að 39% eða 41% frá almennri verðskrá eftir því hvort um hand- eða vélflokkanleg bréf væri að ræða.

Kærandi vísar til þessara tveggja tegunda gjaldskráa í kæru sinni. Hann tekur hins vegar fram að afslættir til stórnotenda hafi jafnframt miðast við rýmri dreifingarheimildir. Sú undantekning er hins vegar ekki orðuð í skilmálum kæranda fyrr en í fyrirhugaðri skilmálabreytingu sem samþykkt var af PSF en síðar felld úr gildi af úrskurðarnefnd. Undantekning frá almennum dreifingartíma að því er varðar stórnotendur sem njóta sérstakra afsláttarkjara var því breyting á skilmálum kæranda. Samkvæmt fyrri úrskurði úrskurðarnefndar vegna þeirrar breytingar verður skilmálum ekki breytt að þessu leyti nema sýnt hafi verið fram á hagræði af slíkri ráðstöfun, sbr. 5. mgr. 16. gr. laga um

póstþjónustu. Slíkar upplýsingar lágu ekki fyrir á tímabilinu 13. apríl til 30. maí 2011 og var kæranda því ekki heimilt að hafa lengri dreifingartíma á pósti frá stórnotendum en gildi um almennan póst. Afstaða úrskurðarnefndar til þessa stendur óbreytt frá fyrri úrskurði hennar.

Kærandi heldur því fram að með úrskurði úrskurðarnefndar hafi heimild til sérstakra afsláttarkjara til stórnotenda einnig fallið úr gildi. Eins og rakið er hér að framan giltu á umþrættu tímabili afsláttarkjör á grundvelli þess magns sem afhent væri hverju sinni annars vegar og á ársgrundvelli hins vegar. Fyrirhuguð breyting fólst í því að tengja afsláttarkjör við dreifingartíma. Með vísan til þess að slík tenging var ekki í gildandi skilmálum Íslandspósts á tímabilinu 13. apríl til 30. maí 2011 verður ekki á því byggt að afsláttarkjör stórnotenda hafi verið háð því að kærandi hefði svigrúm til lengri dreifingartíma. Afsláttarkjör Póstmarkaðarins hljóta því að ráðast af skilmálum kæranda sem í gildi voru áður en PFS samþykkti breytingar á umræddum skilmálum þann 30. maí 2011.

Úrskurðarnefnd telur með vísan til alls ofangreinds, að eftir að ákvörðun PFS nr. 36/2010 frá 13. apríl 2011 var felld úr gildi og þar til PFS féllst á skilmálabreytingu með ákvörðun nr. 16/2011, hafi kæranda borið að dreifa pósti frá stórnotendum að jafnaði eins og almennum pósti og með þeim afsláttarkjörum sem gilt höfðu fram að þeim tíma. Úrskurðarnefnd staðfestir því hina kærðu ákvörðun PFS nr. 34/2012.

#### 4.

#### Málskostnaður

Kærandi krefst þess að allur kostnaður vegna málsins verði felldur á Póstmarkaðinn. Í reglugerð nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála er m.a. kveðið á um málsskotsgjald og kostnað vegna úrskurða nefndarinnar. Í 6. gr. kemur fram að með kæru póstrekenda skuli fylgja málsskotsgjald sem endurgreiðist ef að málið vinnist fyrir nefndinni. PFS sé ekki gert að greiða málsskotsgjald heldur greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði. Um málskostnað er fjallað í 12. gr. Þar kemur m.a. fram að tapist mál í grundvallaratriðum skuli sá málsaðili sem tapi að jafnaði greiða málskostnað nefndarinnar.

Með vísan til framangreinds og niðurstöðu úrskurðarnefndar í máli þessu er þessari kröfu kæranda hafnað.

Vilji aðili ekki una úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála getur hann borið úrskurðinn undir dómstóla, en slíkt mál skal höfða innan sex mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um úrskurð nefndarinnar, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun.

## VII. Úrskurðarorð

Ákvörðun PFS í máli nr. 34/2012 er staðfest.


Málskostnaður nefndarinnar kr. 928.000 greiðist af Íslandspósti hf. að frádregnu málskotsgjaldi kr. 150.000 kr.

Reykjavík, 23. maí 2013.

  
Margrét Vala Kristjánsdóttir



Brynja I. Hafsteinsdóttir



Kirstín Þ. Flygenring